

Saga og safn

Í framhaldi af síðasta fundi varðandi endurskoðun á menningarstefnu Mosfellsbæjar frá 2018 langaði mig aðeins að hnykkja á málefnum varðandi sögu og menningu bæjarins með tilliti til safns þ.e. úr stefnunni nr. 4 „segjum sögur“ þar sem tiltekið var meðal annars eftirfarandi:

Kannað verði hvort fýsilegt sé að koma á laggirnar, í samvinnu við áhugasama aðila og safnara, vísi að söfnum sem gerðu skil sögu ullar og hernáms í því sem áður var í Mosfellssveit.

Við eigum mikla og merkilega sögu í Mosfellsbæ; Bændamenningu, hernámið, ullariðnaðinn, hitaveituna, garðyrkju og merkilega sveitunga. Mikið efni er til í formi ljósmynda og í riti en svo er leyndur fjársjóður um hernámið í höndum Tryggva Blumenstein sem lengi hefur kallað eftir aðstöðu fyrir sitt safn en fengið litlar undirtektir.

Við hjá Vinum Mosfellsbæjar langar að leggja til að ræða frekar hvort það sé ekki grundvöllur til að skoða þann möguleika nánar að opna safn í bænum.

Einnig hefðum við áhuga á að kanna hvort Brúarland gæti verið góður kostur sem safnahús, húsið sjálft geymir mikla sögu í skóla og menningarmálum bæjarins og er staðsett í hjarta hans.

Vinir Mosfellsbæjar

Kristján Erling Jónsson